

Gæðafjalir marki upphaf tækifæra



Frá formlegri útgáfuathöfn á Mógilsá. Kjörviðurinn í öndvegi. *mbl.is/Sigurður Bogi*



Morgunblaðið

Setja bókamerki

„Ég trúi að útgáfa þessarar bókar boði upphaf að öðru og meira,“ segir Þórdís Kolbrún Reykfjörð, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra.

Fyrir helgina veitti hún viðtöku fyrsta eintakinu af bókinni *Gæðafjalir*, sem er handbók um hvernig flokka skal timbur úr barrtrjám úr íslenskum skógum. Ritið, sem Eiríkur Þorsteinsson trétæknir þýddi, er sænskt, en í Svíþjóð er löng reynsla af nýtingu skóga og viðarvinnslu.

Skógræktin, Landbúnaðarháskóli Íslands og fleiri stofnuðu á síðasta ári til samstarfs í gæðamálum viðarnytja. Markmiðið með starfinu var meðal annars að kynna staðla fyrir þær trjategundir sem nýtast í timburafurðir. Kynning og fræðsla eru hluti af þessu starfi, að því er fram kemur í Morgunblaðinu í dag.